

## EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR, HVORKI MEÐ BEINUM NÉ ÓBEINUM HÆTTI, Í EÐA TIL BANDARÍKJANNA, ÁSTRALÍU, KANADA EÐA JAPAN EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM SLÍK DREIFING TELDIST VERA BROT Á LÖGGJÖF Í VIÐKOMANDI LÖGSÖGU.

Hvorki tilkynning þessi, né neitt sem er að finna í henni, skapar grundvöll fyrir eða er þess eðlis að heimilt sé að reiða sig á efni hennar í tengslum við hvers kyns tilboð eða aðrar skuldbindingar innan hvaða lögsögu sem er. Fjárfestar ættu ekki að skrá sig fyrir eða kaupa nein þau verðbréf sem vísað er til í þessari tilkynningu nema á grundvelli þeirra upplýsinga sem finna má í lýsingu („lýsingin“) sem gefin hefur verið út af Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“ eða „bankinn“) í tengslum við töku almennra hlutabréfa bankans („hlutabréfin“) til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland („taka hlutabréfanna til viðskipta“). Afrit af lýsingunni sem gefin er út af bankanum er aðgengilegt á heimasíðu bankans á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Tilkynning þessi er þýðing á tilkynningu sem birt hefur verið á ensku. Ef misræmi er á milli íslenskrar og enskrar tilkynningar þá gildir enska útgáfan.

## HLUTAFJÁRÚTBOÐ ÍSLANDBANKA: HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Reykjavík, 15. júní 2021. Bankasýsla ríkisins, fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands („seljandi“), og Íslandsbanki hf., tilkynna helstu niðurstöður hlutafjárútboðs Íslandsbanka. Útboðinu lauk á hádegi í dag.

### Helstu atriði

- Verð á hverjum útboðshlut er 79 kr. („útboðsverð“).
- Fjöldi hluta sem seldir eru í útboðinu er 636.363.630, auk allt að 63.636.363 hluta, að því gefnu að valréttur til að mæta umframeftirspurn verði að fullu nýttur.
- Heildarsöluandvirði útboðsins, á útboðsverðinu og að því gefnu að valréttir til að mæta umframeftirspurn verði nýttir að fullu, nemur 55,3 milljörðum króna eða 457 milljónum bandaríkjadala.
- Um er að ræða stærsta frumútboð hlutabréfa sem farið hefur fram hér á landi.
- Áætlað markaðsvirði Íslandsbanka, miðað við útboðsverð, er 158 milljarðar króna eða 1,3 milljarðar bandaríkjadala.
- Margföld umframeftirspurn var í útboðinu á endanlegu útboðsverði og sýndu bæði almennir fjárfestar og fagfjárfestar útboðinu talsverðan áhuga en heildareftirspurn nam samtals 486 milljörðum króna eða um fjórum milljörðum bandaríkjadala.
- Í samræmi við ákvæði lýsingar og aðrar réttarheimildir var við úthlutun leitast við að stuðla að dreifðu og fjölbreyttu eignarhaldi og að skerða ekki tilboð upp að einni milljón króna.
- Upplýsingar um úthlutun hluta verða veittar eigi síðar en miðvikudaginn 16. júní 2021.
- Fjöldi hluthafa eftir útboðið verður um 24 þúsund, sem er mesti fjöldi hluthafa allra skráðra fyrirtækja á Íslandi.
- Í kjölfar útboðsins mun seljandi fara með 65% eignarhlut í Íslandsbanka, að því gefnu að valréttur verði að fullu nýttur. Gera má ráð fyrir að aðrir innlendir fjárfestar fari með um 24% og erlendir fjárfestar með um 11% af heildarhlutafé bankans.
- Áætlað er að viðskipti með bréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefjist þriðjudaginn 22. júní 2021 kl. 9.30, undir auðkenninu „ISB“.
- Bankinn og seljandinn hafa, í þágu umsjónaraðila útboðsins, skuldbundið sig til að selja ekki frekari hluti í bankanum í 180 daga eftir fyrsta viðskiptadag hlutabréfanna.

- Citigroup Global Markets Europe AG, Íslandsbanki hf. og J.P. Morgan AG höfðu sameiginlega umsjón með útboðinu og voru leiðandi söluráðgjafar ásamt Barclays Bank Ireland PLC, HSBC Continental Europe, Fossum mörkuðum hf. og Landsbankanum hf. Arion banki hf. og Kvika banki hf. voru leiðandi söluaðilar ásamt Arctica Finance hf., Íslenskum fjárfestum hf. og Íslenskum verðbréfum hf. STJ Advisors Group Limited var ráðgjafi seljanda fyrir útboðið og ABN AMRO Bank N.V. var ráðgjafi Íslandsbanka.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra:

*„Það er ánægjulegt að sjá niðurstöður úr vel heppnuðu útboði Íslandsbanka. Mikil eftirspurn og þátttaka almennings er sérstaklega ánægjuleg, en hluthafar í Íslandsbanka verða þannig flestir af öllum skráðum félögum á íslenskum markaði. Leiðir þetta ekki síst af þeirri ákvörðun að heimila áskriftir allt niður í 50 þúsund krónur og að láta áskriftir einstaklinga allt að einni milljón króna óskertar. Salan er ábatasöm fyrir ríkissjóð og kemur sér vel í þeirri uppbyggingu sem fram undan er næstu misseri. Mestu skiptir þó að við tökum hér fyrsta skrefið í að minnka áhættu ríkisins í bankarekstri og færumst nær heilbrigðara umhverfi líkt og þekkest á Norðurlöndum og öðrum nágrannaríkjum okkar.“*

Lárus L. Blöndal, stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins:

*„Hlutafjárútboð Íslandsbanka er lokið í samræmi við áætlaða tímalínu. Þetta er mikilvægur áfangi í umsýslu Bankasýslu ríkisins á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem þakka má miklum dugnaði allra hlutaðeigandi. Útboðinu var mjög vel tekið og var mikil eftirspurn frá fjölbreyttum hópi fjárfesta, bæði innanlands sem og erlendis. Það var ánægjulegt að sjá verulega eftirspurn frá almenningi sem mun gera hluthafahóp Íslandsbanka þann fjölmennasta á Nasdaq Iceland. Vonir standa til þess að þetta mikilvæga fyrsta skref greiði fyrir þeirri stefnu stjórnvalda um að selja allan eignarhlut í bankanum þegar hagfelld og ásættanleg skilyrði eru til staðar.“*

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

*„Við erum ánægð að sjá niðurstöður útboðsins sem marka þáttaskil í sögu bankans. Það var ánægjulegt að sjá þann mikla áhuga sem raungerðist og sýnir hann trú og traust á framtíðarsýn og stefnu Íslandsbanka og þeim tækifærum sem Ísland stendur frammi fyrir. Ég býð nýja hluthafa Íslandsbanka innilega velkomna.“*

## Tengiliðir

### Bankasýsla ríkisins – Forstjóri

Jón Gunnar Jónsson 550 1701 [jon.g.jonsson@bankasysla.is](mailto:jon.g.jonsson@bankasysla.is)

### Íslandsbanki – Fjárfestatengsl

Jóhann Ottó Wathne 844 4607 [Johann.Otto.Wathne@islandsbanki.is](mailto:Johann.Otto.Wathne@islandsbanki.is)

### Íslandsbanki – Fjölmiðlar

Björn Berg Gunnarsson 844 4869 [Bjorn.Berg.Gunnarsson@islandsbanki.is](mailto:Bjorn.Berg.Gunnarsson@islandsbanki.is)

## Lagalegur fyrirvari

Upplýsingar í þessari tilkynningu eru eingöngu veittar í þeim tilgangi að veita bakgrunn og er þeim ekki ætlað að vera tæmandi eða fullbúnar. Enginn aðili getur, í hvaða tilgangi sem er, reitt sig á upplýsingar í þessari tilkynningu eða nákvæmni þeirra, óhlutdrægni eða fullkomleika.

Þessi tilkynning er ekki til birtingar eða dreifingar hvorki með beinum né óbeinum hætti, í eða til Bandaríkjana (þ.m.t. til yfirráðasvæða þess, einstakra ríkja í Bandaríkjunum og umdæmis Columbia), Ástralíu, Kanada, Japan eða hvers þess lands þar sem slíkt teldist vera brot á löggjöf viðkomandi lögsögu. Dreifing þessarar tilkynningar í tilteknum lögsögum kann að vera takmörkuð með lögum og ættu aðilar innan slíkrar lögsögu sem komast yfir skjöl eða aðrar upplýsingar sem hér er vísað til að kynna sér slíkar takmarkanir og fylgja þeim. Brot gegn þessum takmörkunum getur haft í för með sér brot gegn verðbréfalöggjöf viðkomandi lögsögu.

Þessi tilkynning getur ekki talist vera, hvorki sjálfstætt né sem hluti af, hvers kyns tilboði eða hvatning um að kaupa eða skrá sig fyrir, eða á annan hátt fjárfesta í verðbréfum, gagnvart aðilum í Bandaríkjunum, Ástralíu, Kanada, Japan eða í neinni þeirri lögsögu þar sem slíkt tilboð eða slík hvatning er í andstöðu við lög. Verðbréfin sem vísað er til hér má ekki bjóða eða selja innan Bandaríkjana nema þau séu skráð samkvæmt bandarísku verðbréfalögunum frá 1933, með áorðnum breytingum („verðbréfalögin“) eða þau boðin í viðskiptum sem eru undanþegin eða ekki háð skráningarskilyrðum verðbréfalaganna. Fyrirhugað tilboð og sala á verðbréfum sem vísað er til hér hefur ekki verið og verður ekki skráð samkvæmt verðbréfalögunum eða samkvæmt gildandi verðbréfalöggjöf í Ástralíu, Kanada eða Japan. Með fyrirvara um tiltekna undantekningar má ekki bjóða eða selja þau verðbréf sem vísað er til hér innan Ástralíu, Kanada eða Japan eða til eða fyrir reikning eða í þágu einhvers ríkisborgara, íbúa eða borgara í Ástralíu, Kanada eða Japan. Ekkert almennt útboð verður fyrir þau verðbréf sem vísað er til hér í Bandaríkjunum, Ástralíu, Kanada, Japan eða annars staðar.

Innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, annarra en Íslands, er þessari tilkynningu og þeim tilboðum ef þau berast í framhaldinu aðeins beint að aðilum sem teljast vera „hæfir fjárfestar“ í skilningi greinar 2(e) reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2017/1129 með síðari breytingum.

Í Bretlandi er þessari tilkynningu aðeins dreift til, og beint að, „hæfum fjárfestum“ í skilningi greinar 2(e) reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2017/1129 sem er hluti af landslögum Bretlands sbr. lög um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 (e. European Union (Withdrawal) Act 2018) (a) sem hafa faglega þekkingu á málefnum er tengjast fjárfestingum í skilningi greinar 19(5) fyrirmæla frá 2005 um fjárhagslega kynningu, með síðari breytingum, („fyrirmælin“); (b) sem eru lögpersónur með hátt nettó virði, í skilningi staflíða (a)-(d) greinar 49(2) fyrirmæla; eða (c) sem löglegt er að beina því til (allir slíkir aðilar saman nefndir „viðkomandi aðilar“). Öll fjárfesting og fjárfestingarstarfsemi sem tilkynning þessi tengist verður aðeins aðgengileg, og samningar einungis gerðir við, viðkomandi aðila. Aðilar sem eru ekki viðkomandi aðilar ættu ekki að grípa til aðgerða á grundvelli þessarar tilkynningar eða reiða sig á hana eða efni hennar.

Tilkynningin kann að innhalda yfirlýsingar sem eru, eða gætu talist vera, „framsýnar yfirlýsingar“. Þessar framsýnu yfirlýsingar má greina vegna orðnotkunar sem vísar til framtíðar, þ.á m. orðin „trúir“, „áætla“, „áformar“, „ráðgerir“, „gerir ráð fyrir“, „býst við“, „hyggur á“, „gæti“, „mun“ eða „ætti“, eða, í hverju tilviki

neikvæð eða önnur tilbrigði eða önnur sambærileg hugtök, eða með umræðum um stefnu, áætlanir, markmið, ókomna atburði eða fyrirætlanir. Framsýnar yfirlýsingar geta, og eru gjarnan, verulega frábrugðnar raunverulegum árangri. Sérhver framsýn yfirlýsing endurspeglar núverandi afstöðu bankans að því er varðar ókomna atburði og er háð áhættu vegna ókominna atburða og annarra áhættuþátta, óvissu og ætlunum er varða viðskipti félagsins, rekstrarárangur, fjárhagslega stöðu, lausafjárstöðu, horfur, vöxt eða aðferðir. Framsýnar yfirlýsingar taka aðeins mið af þeim degi sem þær eru gefnar.

Bankinn, ásamt seljanda, Citigroup Global Markets Europe AG, Íslandsbanka hf., J.P. Morgan AG, Barclays Bank Ireland PLC, HSBC Continental Europé, Fossum Mörkuðum hf., Landsbankanum hf., Arion banka hf., Kviku banka hf., Arctica Finance hf., Íslenskum fjárfestum hf. og Íslenskum verðbréfum hf. (saman nefndir „söluráðgjafarnir“ að undanskildum bankanum og seljanda) og tengd félög þeirra líkt og skilgreint er í gr. 501 (b) í reglugerð D innan verðbréfalaganna („tengd félög“) hafna sérstaklega öllum skyldum eða skuldbindingum um að uppfæra, yfirfara eða endurskoða einhverja framsýna yfirlýsingu sem er að finna í þessari tilkynningu, hvort sem er vegna nýrra upplýsinga, framtíðarþróunar eða annars, og ekki skal litið á dreifingu þessarar tilkynningar sem hvers kyns skuldbindingu af hálfu seljanda til að halda áfram með útboðið eða einhverra þeirra viðskipta eða ráðstafana sem vísað er til þar.

Öll kaup á verðbréfum í útboðinu ættu að vera eingöngu á grundvelli upplýsinga í lýsingunni sem bankinn hefur gefið út í tengslum við útboðið. Upplýsingarnar í þessari tilkynningu eru háðar breytingum. Áður en aðilar kaupa verðbréf í útboðinu ættu þeir að skoða þessa tilkynningu og tryggja að þeir skilji og samþykki að fullu áhættuna sem settar verða fram í lýsingunni. Ekki má treysta í neinum tilgangi þeim upplýsingum sem eru í tilkynningu þessari eða nákvæmni þeirra eða fullkomleika. Tilkynning þessi skal ekki vera grundvöllur fyrir, eða skal ekki mynda tilboð eða boð um sölu eða útgáfu, eða tilboð um kaup á verðbréfum, né skal það (eða hluti af því) eða staðreynd dreifingar þessarar tilkynningar vera grundvöllur fyrir einhvern samning eða á þann hátt að hægt sé að reiða sig á hana.

Ýmsir þættir sem innihalda meðal annars markaðsaðstæður geta haft áhrif á dagsetningu töku verðbréfanna til viðskipta. Bankinn gæti ákveðið að fara ekki í útboðið og því er engin trygging að taka verðbréfanna til viðskipta muni eiga sér stað. Þú ættir ekki að byggja fjárhagslega ákvörðun þína á tilkynningu þessari. Fjárfestingar í tengslum við þessa tilkynningu geta valdið því að að fjárfestir verði fyrir þeirri hættu að tapa allri fjárfestingunni.

Aðilar sem hyggja á fjárfestingar ættu að hafa samráð við viðurkennda aðila sem sérhæfa sig í ráðgjöf um slíkar fjárfestingar. Þessi tilkynning er hvorki hluti af né meðmæli með því að gera tilboð. Verðmæti verðbréfa getur lækkað sem og hækkað. Hugsanlegir fjárfestar ættu að hafa samráð við faglega ráðgjafa um mat á hugsanlegu tilboði fyrir viðkomandi aðila.

Seljandi, söluráðgjafarnir eða viðkomandi félög tengd þeim, eða stjórnendur þeirra, yfirmenn, starfsmenn, ráðgjafar eða umboðsmenn þeirra gangast ekki undir ábyrgð eða skaðabótaábyrgð fyrir/eða gefa ábyrgðaryfirlýsingu, hvort sem það er skýrt eða gefið í skyn, um sannleiksgildi, nákvæmni eða fullkomleika upplýsinganna í þessari tilkynningu (eða hvort einhverjum upplýsingum hafi verið sleppt úr tilkynningunni) eða hvers kyns öðrum upplýsingum sem tengjast bankanum, dótturfélögum hans eða tengdum félögum, hvort sem þær eru skriflegar, munnlegar eða í mynd eða rafrænu formi, og hvernig sem þeim er dreift eða gerðar aðgengilegar eða fyrir hvers kyns tjóni sem stafar af notkun tilkynningarinnar eða innihalds hennar

eða á annan hátt sem myndast í tengslum við það. Í samræmi við það, þá bera þeir af sér þ.e. seljandi, söluráðgjafarnir og hlutaðeigandi tengd félög þeirra og stjórnendur þeirra, yfirmenn, starfsmenn, ráðgjafar eða umboðsmenn þeirra, að fullu hvers kyns mögulegri ábyrgð, fyrir hvaða tjóni sem er, sem stafar af eða sem treystir á alla eða hluta af efnisinnihaldi þessarar tilkynningar, hvort sem um sé að ræða skaðabætur utan eða innan samninga eða á annan hátt sem það gæti annars haft varðandi þessa tilkynningu eða innihald hennar eða á annan hátt sem það sem gæti myndast í tengslum við það.

Söluráðgjafarnir starfa eingöngu fyrir bankann og seljandann og ekki nokkurn annan í tengslum við útboð verðbréfanna. Þeir munu ekki líta á neinn annan aðila sem viðskiptavin þeirra að því er varðar útboð verðbréfanna og munu ekki bera ábyrgð gagnvart neinum nema bankanum fyrir að að veita vernd sem viðskiptavinum þeirra er veitt eða veita ráðgjöf í tengslum við útboð verðbréfanna, innihald þessarar tilkynningar eða hvers kyns viðskipti, ráðstafanir eða annars sem hér er vísað til.

Í tengslum við útboðið geta söluráðgjafarnir eða félög tengd þeim tekið hluta af verðbréfunum og í þeim efnum geta þeir haldið, keypt, selt, boðið að selja eða á annan hátt gert samninga fyrir þeirra eiga reikninga með slíka hluti og öðrum verðbréfum bankans eða tengdum fjárfestingum í tengslum við útboðið eða á annan hátt. Samkvæmt því ættu tilvísanir í lýsingunni til hlutabréfanna sem gefin eru út, boðin, skráð fyrir, keypt, seld eða með öðrum hætti ráðstafað, á þann máta að það innihaldi alla útgáfu eða tilboð í, eða áskrift, kaup, setningu eða viðskipti með söluráðgjöfunum eða einhverju félagi tengdum þeim, sem starfa innan slíks hlutverks. Að auki geta söluráðgjafar og hvert hlutaðeigandi félag tengt þeim sett upp fjármögnunarfyrirkomulag (þar með talið skiptasamninga eða sambærilega samninga) við fjárfesta í tengslum við það sem þeir geta eignast á hverjum tíma, eiga fyrir eða til ráðstöfunar á verðbréfunum. Hvorki söluráðgjafarnir eða félög tengd þeim, hyggjast upplýsa um umfang slíkra fjárfesta eða viðskipta á annan hátt en í samræmi við gildandi löggjöf.

Eingöngu að því er varðar kröfur um afurðastjórnun sem felast í: (a) tilskipun ESB 2014/65/ESB um markaði með fjármálagerninga, með áorðnum breytingum („MiFID 2“); b) 9. og 10. grein framseldrar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 sem bæta við MiFID 2; og (c) staðbundnar innleiðingaraðgerðir (saman nefnt „MiFID 2 kröfur um afurðastjórnun“) og án allrar ábyrgðar, hvort sem hún stafi af skaðabótum utan eða innan samninga eða á annan hátt, sem allir „framleiðendur“ (í skilningi krafna um afurðastjórnun ) geta að öðru leyti borið með tilliti til þess, að hlutabréfin hafi verið háð samþykktarferli, sem hefur ákvarðað að slíkir hlutir séu: (i) samrýmanlegir gagnvart markhópi almennra fjárfesta og fjárfesta sem uppfylla skilyrði faglegra viðskiptavina og hæfra fjárfesta, eins og skilgreint er í MiFID 2; og (ii) gjaldgengir til dreifingar um allar dreifileiðir eins og leyfilegt er samkvæmt MiFID 2 („Mat á markhóp“ (e. „Target Market Assessment“)). Þrátt fyrir framangreint mat ættu dreifingaraðilar að hafa í huga að: verð hlutabréfanna gæti lækkað og fjárfestar gætu tapað fjárfestingu sinni að öllu leyti eða að hluta; hlutabréfin bjóða engar tryggðar tekjur og enga fjármagnsvernd; og fjárfesting í hlutabréfunum er aðeins samrýmanleg gagnvart fjárfestum sem þurfa ekki á slíkum tryggðum tekjum að halda eða fjármagnsvernd, sem (annað hvort einir eða í tengslum við viðeigandi fjármálaráðgjafa eða annan ráðgjafa) eru færir um að meta kosti og áhættu slíkrar fjárfestingar og sem hafa nægilegt fjármagn til að geta borið tjón sem af því kann að leiða. Mat á markhópi hefur ekki áhrif á kröfur samningsbundinna eða lagalegra sölutakmarkana í tengslum við útboðið. Ennfremur skal tekið fram að þrátt fyrir matið á markhópi munu umsjónaraðilar aðeins útvega fjárfesta sem uppfylla skilyrði fagviðskiptavina og gjaldgengra gagnaðila. Til

að koma í veg fyrir allan vafa felur matið ekki í sér: (a) mat á hagkvæmni eða áreiðanleika að því er varðar MiFID 2; eða (b) meðmæli til fjárfesta eða hóps fjárfesta um að fjárfesta í, eða kaupa, eða grípa til einhverra annarra ráðstafana vegna hlutabréfanna. Hver dreifingaraðili ber ábyrgð á því að framkvæma sitt mat með tilliti til verðbréfanna og ákvarða viðeigandi dreifileiðir.